

Hverfissjóður Reykjavíkurborgar

Úthlutunarreglur

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla félagsauð, samstöðu og samvinnu íbúa í hverfum Reykjavíkurborgar, stuðla að fegrun hverfa, auknu öryggi og auðgun mannlífs með fjölbreyttum hætti þannig að tekið sé mið af þörfum íbúa. Sjóðurinn styrki einkum hverfisbundin félagasamtök, íbúa og aðra þá sem vilja leggja sitt af mörkum og standa fyrir hverfistengdum verkefnum/viðburðum með framangreind markmið til hliðsjónar.

2. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu veittir til hverfistengdra verkefna sem samræmast tilgangi sjóðsins, sbr. 1. gr. Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá geta íbúaráð sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka.

3. gr.

Sjóðnum skal skipt á milli hverfa til úthlutunar. Skipting fjármagns milli hverfa verði á þann hátt að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda. Fyrir nánari útlistun á skiptingu fjármagns vísast til töflu í fylgiskjali með úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkurborgar.

4.gr.

Við úthlutun skal tekið mið af skiptingu fjármagns milli hverfa. Alla jafna skal hvert verkefni ekki hljóta hærri styrk en nemur 30% af heildarfjármagni þess hverfis sem umsókn er vísað til.

5. gr.

Við mat á umsóknum skal litið til ávinnings áætlaðs verkefnis fyrir hverfið. Leitast skal við að styrkja verkefni sem nýtast öllum eða stórum hluta íbúa hverfisins, stuðla að þátttöku fjölbreyttra hópa í mannlífi hverfisins eða miða að fegrun eða uppbyggingu svæða sem nýtast stórum hluta íbúa.

6. gr.

Verkefni sem falla að tilgangi sjóðsins og varða umhverfismál, þ.a.m. gróðursetningu blóma eða trjáplantna í borgarlandið, skal styrkja með úthlutun plantna, gróðurmoldar auk annarra nauðsynlegra efna frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar þegar því verður við komið. Áður en umsókn um styrk til gróðursetningar í borgarlandið er samþykkt skal fara fram samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Umsóknartímabil sjóðsins er tvisvar á ári frá 15. mars til 15. apríl og frá 15. september til 15. október. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ber ábyrgð á ut anumhaldi styrkumsókna og afgreiðslu þeirra.

8. gr.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa veitir umsagnir vegna styrkbeiðna og metur hæfi þeirra út frá lögum og reglum sem við eiga hverju sinni. Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum skal tekin af viðkomandi íbúaráði. Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

9. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins launakostnaðar til handa umsækjanda, en undir það falla t.a.m. umsóknir vegna endurtekinna viðburða á borð við námskeið eða reglulegar sýningar. Greinin kemur ekki til skoðunar sé eingöngu um að ræða þrjá viðburði eða færri. Einnig er heimilt líta fram hjá framangreindi reglu þegar sótt er um styrk vegna aðkeyptrar utanaðkomandi þjónustu, t.a.m. sem hluta af skemmtanadagskrá hverfishátíðar.

10. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins rekstrarkostnaðar. Þó geta íbúasamtök sem notast við lýðræðisleg vinnubrögð og skila íbúaráði árlega yfirliti um störf sín sótt um sérstakan árlegan rekstrarstyrk. Fjárhæð rekstrarstyrks skal taka mið af fjölda íbúa í hverfinu sem og stærð íbúasamtaka. Veittur skal rekstrarstyrkur að hámarki kr. 100.000 og að því gefnu að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

- a. Að aðalfundur samtakanna sé sannarlega haldinn.
- b. Að stjórn sé skipuð með lögmætum hætti.
- c. Að reikningar íbúasamtaka séu lagðir fram og samþykktir á aðalfundi íbúasamtaka.

11. gr.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki úr sjóðnum. Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrki til.

12. gr.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef Reykjavíkurborgar. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

13. gr.

Styrkir úr sjóðnum eru greiddir út þegar samningar hafa verið undirritaðir. Endurgreiða skal veitta styrki þegar fyrir liggur að þeim hefur ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir/verkefni, innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru við úthlutun eða, í þeim tilvikum sem það er ótilgreint, innan tveggja ára frá styrkveitingu. Hafi styrkur ekki verið sóttur innan árs frá úthlutun fellur hann niður.

14. gr.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins innan árs frá því að styrkur var veittur. Greinargerð skal skilað á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar, þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

15.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum og frá hvaða íbúaráði.

Fylgiskjal með úthlutunarreglum hverfissjóðs Reykjavíkurborgar

Í samræmi við 3. gr. úthlutunarreglna hverfissjóðs Reykjavíkurborgar er skipting á milli hverfa fyrir árið 2023 eftirfarandi, tekið er mið af íbúafjölda í upphafi ársins 2023.

Árbær og Norðlingaholt	989.000 kr.
Breiðholt	1.379.000 kr.
Grafarholt og Úlfarsárdalur	854.000 kr.
Grafarvogur	1.216.000 kr.
Háleitis- og Bústaðahverfi	1.148.000 kr.
Miðborg og Hlíðar*	1.411.000 kr.
Kjalarnes	592.000 kr.
Laugardalur	1.232.000 kr.
Vesturbær	1.179.000 kr.

*Hverfi Miðborgar og Hlíða eru sameinuð við úthlutun úr hverfissjóði. Þá úthlutar Miðborgarsjóður til verkefna sem falla að stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgarinnar.